

Eitt skref fram og eitt skref aftur

Þann 1. mars gengur ný matvælaölggjöf í gildi hérlandis með skýrum kröfum um rekjanleika matvæla. Matvælafyrirtæki á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar eiga að geta tilgreint hvaðan þau fá hráefni og hvert þau selja eða dreifa vöru. Leiðin frá hafi og haga til maga neytandans er oft á tíðum löng. Með því að skrá rekjanleika eitt skref fram og eitt skref aftur er hægt að rekja feril matvæla. Öll fyrirtæki í framleiðsluferli matvæla verða að uppfylla þessar skyldur.

Tilgangurinn með rekjanleika matvæla er að gera matvælafyrirtækjum kleift að stöðva dreifingu matvæla, taka þau af markaði og innkalla ef upp kemur grunur um hættu. Með samfelldum rekjanleika í gegnum allt matvælaferlið á innköllun að ganga fljótt og vel fyrir sig. Það er á ábyrgð matvælafyrirtækisins að grípa til aðgerða en það er jafnframt skylda þess að upplýsa eftirlitsaðila um hættuleg matvæli og þær ráðstafanir sem gripid er til, svo hægt sé að sannreyna að innköllun hafi tekist.



Hindber Alvarleg sýking af völdum nóróveiru í hindberjum kom upp í Danmörku fyrir nokkrum árum.

Alvarleg sýking af völdum nóróveiru í hindberjum kom upp í Danmörku fyrir nokkrum árum. Uppruni sýkingarinnar fannst fljótlega en innköllunin náði ekki til allra dreifingaraðila hindberjanna með þeim afleiðingum að sýkt hindber voru á markaði í nokkrar vikur og ollu frekari sýkingum.

Innkalla þurfti allar svínakjötsafurðir af markaði á Írlandi í kjölfar dioxínmengunar svínakjöts sem rekja mátti til fódurs. Mengunin náði til um 6% af svínakjötsframleiðslunni

en kjötið var unnið í kjötvinnslu sem vann um 80% af svínakjötsafurðum á Írlandi. Vegna skorts á fullnægjandi rekjanleika og hás innihalds dioxíns í kjötinu var varúðarreglu beitt og allar svínakjötsafurðir innkallaðar. Niðurstaðan er verulegt tap fyrir framleiðandann og mun meira en þörf var á.

Gripid hefur verið til innkallana hérlandis í kjölfar viðvarana sem bárust í gegnum evrópska viðvörunarkerfið (RASFF) sem Ísland er aðili að. Sem dæmi má nefna innköllun á vörum sem innhéldu salmonellumengað hnetusmjör frá Bandaríkjunum.

Með betri rekjanleika er hægt að stuðla að aukinni neytendavernd og lágmarka fjárhagslegt tjón fyrirtækja. Matvælastofnun heldur fræðslufund um rekjanleika og innköllun matvæla þriðjudaginn 23. febrúar kl. 15:00 – 16:00 í umdæmis-skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík að Stórhöfða 23. Sjá www.mast.is.